

FUNDARGERÐ 517. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 18. júní 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Dóra Björt Guðjónsdóttir.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. ESA-málið

Haraldur Flosi Tryggvason Klein, ráðgjafi í vinnuhópi um ESA-málið, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Stjórn hélt þann 4. júní sl. vinnufund, þar sem vinnuhópur um ESA-verkefnið gerði grein fyrir þeim breytingum sem til stendur að verði gerðar á starfsemi SORPU bs. eftir forskrift ESA. Á fundinum var ákveðið að framkvæmdastjóri SORPU bs. og fulltrúar vinnuhópsins kynntu niðurstöðu vinnuhópsins fyrir fulltrúum sveitarfélaganna sem standa að SORPU bs.

Vinnuhópur um ESA-málið leggur til að farin verði sú leið að skilja efnahagslega starfsemi frá lögboðinni starfsemi byggðasamlagsins SORPU, eins og nánar er gerð grein fyrir í framlögðu minnisblaði, dags. 18. júní 2025. Haraldur Flosi gerir grein fyrir samandreginni niðurstöðu ESA-vinnuhóps SORPU bs.

Stjórn SORPU bs. bókar:

„Stjórn SORPU bs. telur tillögu vinnuhópsins, sem fram kemur í minnisblaðinu, koma að fullu til móts við þau sjónarmið sem ESA teflir fram, og samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti. Stjórn vísar málinu til endanlegrar ákvörðunar á vettvangi eigenda SORPU bs., að fengnu áhættumati áhættunefndar SORPU bs.“

Ákvörðun ESA, dags. 20. nóvember 2024, fylgir fundargerð.

2. Breytingar á gjaldskrá

Fjármálastjóri gerir grein fyrir minnisblaði, dags. 16. júní 2025, um breytingar á gjaldskrá SORPU bs. Lagt er til að allir liðir gjaldskrár hækki um 3,5% þann 1. júlí 2025, í takt við vísutölu, en auk þess að nánar tilgreindir gjaldskrárliðir hækki um 7% vegna hækkandi kostnaðar við afsetningu

hjá móttökuaðila erlendis, eins og fram kemur í meðfylgjandi minnisblaði. Gjaldskrá endurvinnslustöðva hækkar ekki.

Stjórn SORPU bs. bókar:

„Stjórn SORPU bs. samþykkir tillöguna. Gjaldskrá SORPU bs. hækkaði ekki um áramótin 2024/2025, þrátt fyrir að gjaldskrá SORPU bs. taki að jafnaði breytingum tvisvar á ári. Auknum kostnaði við meðhöndlun úrgangs hjá SORPU bs. var í stað hækkana á gjaldskrá um áramótin mætt með hagræðingu í rekstri.“

Minnisblað fylgir fundargerð.

3. Uppbygging bráðabirgðaendurvinnslustöðvar við Glaðheima

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu uppbyggingar á bráðabirgðastöð á Glaðheimasvæðinu í stað stöðvar á Dalvegi.

Stjórn SORPU bs. samþykkti á stjórnarfund 510, dags. 15. janúar 2025, að SORPA myndi óska eftir svæði á Glaðheimasvæðinu undir bráðabirgðastöð sem myndi opna þegar endurvinnslustöðin við Dalveg lokar þann 1. september næstkomandi. Bráðabirgðastöðin mun að óbreyttu opna sama dag og stöðin við Dalveg lokar til að tryggja órofna þjónustu endurvinnslustöðva SORPU.

Áætlaður kostnaður við að koma upp bráðabirgðastöðinni er um 50-75 milljónir króna. Ekki var áætlað fyrir þessum kostnaði í áætlun 2025, þar sem ekki stóð til að koma upp bráðabirgðastöð í stað stöðvar við Dalveg þegar áætlun SORPU fyrir árið 2025 var lögð fram í september 2024. Hins vegar var gert ráð fyrir að 77 milljónum króna yrði varið í verkefni sem snúa að viðhaldi húsnæðis og lóða endurvinnslustöðva. Þetta fjármagn verður nýtt til að standa straum af kostnaði við uppbyggingu bráðabirgðastöðvarinnar og viðhaldi sem ekki bráðliggur á frestað til næsta rekstrarárs.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að leggja fram á næsta fundi stjórnar sundurliðaða áætlun á kostnaði við uppbyggingu stöðvarinnar og viðauka um tilfærslur í fjárhagsáætlun vegna þessa.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður mánudaginn 18. ágúst klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 08:30.